

Reikningskilaráð ríkisins

73. Fundur – 28. júní 2023 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Hrafnhildur Arnkelsdóttir og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Guðmundur Björgvin Helgason frá Ríkisendurskoðun.
- Fjóla Agnarsdóttir frá Hagstofu Íslands.
- Fundarritari: Andri Már Ólafsson

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 72. fundar var samþykkt

2. Ríkisreikningur 2022, staða

Farið var í grófum dráttum yfir vinnslu reikningsins á undanförunum mánuðum. Í aðalatriðum hefur sú vinna gengið ágætlega en nokkrir þættir hafa valdið miklum töfum í þessu verkefni. Ber þar hæst áhrif af breyttri skipan ráðuneyta eftir alþingiskosningarnar haustið 2021 með tilheyrandi tilfærslu á málefnasviðum og málaflokkum. Óhjákvæmilega flækja slíkar breytingar framsetningu og uppgjör reikningsins verulega. Jafnframt tafði breytt skilgreining á ríkisaðilum innan A-hluta ríkissjóðs vinnu við gerð reikningsins. A-hlutinn skiptist nú í þrennt: A1 sem innifelur nánast sömu aðila og voru innan A-hlutans áður, þ.e. starfsemi sem er að stærstum hluta fjármögnuð af skatttekjum ríkissjóðs; A2 nær til starfsemi fyrirtækja, lána- og fjárfestingarsjóða sem fjármagna sig að mestu sjálf en eru undir beinni stjórn ríkissjóðs; A3 hlutafélög í meirihlutaeigu ríkissjóðs sem sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu. Aðilar sem falla undir A2 og A3 flokkuðust áður undir B- og C-hluta og er því umtalsverð breyting á framsetningu ríkisfjármálanna. Ríkisreikningur 2022 er settur fram samkvæmt breyttum skilgreiningum og hefur það verkefni krafist mikillar vinnu bæði framsetning einstakra ríkisaðila í A2 og A3 auk þess að setja fram samstæðuna fyrir A-hlutann í heild sinni. Loks sýnir reikningurinn samstæðu fyrir A- og B-hluta ríkissjóðs.

3. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 09:36.